

AUGLÝSING

um samþykki Íslands á aðild tiltekinna ríkja að samningnum um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum, frá 1970.

Hinn 26. nóvember 2021 var utanríkisráðuneyti Hollands afhent yfirlýsing um samþykki Íslands á aðild tiltekinna ríkja að samningnum um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum sem gerður var í Haag 18. mars 1970, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/2009, þar sem samningurinn er birtur.

Um er að ræða eftirtalin ríki:

- | | |
|--------------|-------------------|
| - Andorra | - Króatía |
| - Armenía | - Malta |
| - Brasilía | - Marokkó |
| - Georgía | - Níkaragva |
| - Kasakstan | - Suður-Kórea |
| - Kosta Ríka | - Svartfjallaland |
| - Kólumbía | - Víetnam |

Yfirlýsingin var gerð á grundvelli 4. mgr. 39. gr. samningsins. Samkvæmt því ákvæði skal samningurinn öðlast gildi milli ríkis sem gerist aðili að honum og ríkis sem lýst hefur yfir samþykki sínu á aðildinni á sextugasta degi eftir afhendingu yfirlýsingar um samþykki.

Heildarlista yfir þau ríki sem samningurinn hefur áhrif á í samskiptum við Íslands má finna á heimasíðu Haag ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.hcch.net/en/publications-and-studies/details4/?pid=4069&dtid=36>.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.